

# FRAMKÖLLUN FÆÐINGAR

Þegar ákveðið hefur verið að framkalla fæðingu sendir ljósmóðir eða læknir rafræna beiðni til Landspítalans. Ljósmóðir á fæðingavakt hefur síðan samband við konuna varðandi dagsetningu, tíma og hvert konan mætir.

Þegar um bráðaástand er að ræða sem krefst framköllunar fæðingar sem allra fyrst hefur ljósmóðir eða læknir samband við vaktstjóra á fæðingavakt 23B.

## NÝTT LYF ANGUSTA®

Tekið hefur verið upp nýtt lyfjaform af misoprostol við framköllun fæðingar, lyfið Angusta®. og er það tekið um munn. Konur svara meðferðinni misfljótt. Sumar konur fá byrjandi samdrætti eða túrverki innan fárra tíma, hjá öðrum tekur það lengri tíma. Ef hríðar hefjast ekki á fyrsta sólarhring heldur meðferðin áfram næsta sólarhringinn. Ef ekki eru komnar hríðar eftir 2 sólarhringa gæti þurft að endurskoða gangsetningaraðferðina.

## HELSTU ÁBENDINGAR

- Meðgöngulengd  $\geq 41$  vika
- Háþrýstingur
- Meðgöngueitrun
- Vaxtarseinkun fósturs
- Meðgöngusykursýki
- Blóðflokamisræmi
- Alvarlegur gallstasi
- Sálfélagslegar ástæður

## FRÁBENDINGAR FYRIR FRAMKÖLLUN FÆÐINGAR MEÐ ANGUSTA®

- Ör á legi
- Biskup einkunn  $\geq 8$